


## Garðhúsabær á Kjarvalsstöðum

Garðhúsabær - alþjóðlegt verkefni í byggingarlist - er sameiginlegt framlag Arkitektafélags Íslands og Listasafns Reykjavíkur til dagskrár Menningarborgarinnar

GARÐHÚSABÆR - Kolonihaven - er sýning á Kjarvalsstöðum á teikningum og líkönum eftir sautján heimspökta arkitekta sem fengnir voru til þess að teikna smáhús af því tagi sem fólk reisir í garðlöndum. Í hópi sýnenda eru m.a. arkitektarnir Mario Botta, Richard Meier, Henning Larsen, Arata Isozaki og Aldo Rossi.

Í tengslum við sýninguna hefur Arkitektafélag Íslands efnt til samkeppni meðal félagsmanna sinna um uppdrátt af garðhúsi sem reist verður í fullri stærð við Kjarvalstaði. Tillaga arkitektanna Dennis Jóhannessonar og Hjörðisar Sigurgísladóttur varð hlut-



Verðlaunatillaga Hjörðisar Sigurgísladóttur og Dennis Jóhannessonar.

skörpust í samkeppninni. Þau segja hugmynd sýna lýsa „garðskála sem felur í sér andstæðurnar í íslenski náttúru og íslenski þjóð. Neðri helmingurinn

er lokað rými sem hægt er að leita skjóls í á myrkum vetrardögum. Í efri hluta hússins, undir gagnsæju hvolfpaki, er hægt að dást að miðnætursólinni, stjörnunum eða norðurljósunum.“

Í tengslum við sýninguna verður boðið upp á námskeið og hönnunarverkefni fyrir börn. Í athugun er að bjóða arkitektunum sem verk eiga á sýningunni til samræðu í tengslum við opnun sýningarinnar helgina 26.-28. maí.

Sýningarstjóri og frumkvöðull Garðhúsabæjarinn er arkitektinn Kirsten Kiser. Sýningin hóf göngu sína er Kaupmannahöfn var menningarborg Evrópu árið 1996 og sama ár hófst uppbygging sýningarsvæðis í Vallensbæk þar sem hús arkitektanna eru smám saman að rísa í fullri stærð eftir því sem verkefninu vindur fram. Sýningin Kolonihaven var veigamikill liður í framlagi Arkitekturmuseet í Stokkhólmi til Menningarborgarverkefnisins árið 1998.

### MYNDLIST/LJÓSMYNDUN

06.05-29.05

Fært úr stað

Sýning á verkum hollenskra listakvenna, Elsu Stansfield og Madelon Hooykaas, sem nota ýmsa miðla - hljóðverk, myndbönd, geisladiska og CD-rom við listsköpun, í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

20.05-08.06

Hallgrímur Helgason

Sýnir nýleg málverk og teikningar í Gallerí Sævars Karls, Bankastræti.

Kl. 20.05-25.06 @

Sjö íslenskir listamenn á vegum samsteyppunnar Art.is og færustu tölvusérfræðingar OZ-COM taka hér höndum saman um að kanna þá möguleika sem tölvu- og nettækni býður upp á. @ er sérstakt framlag menningarborgarinnar til stærri sýningar, Nýr heimur - stafrænar sýningar, í Listasafni Íslands þar sem saga íslenskrar videolistar er rakín og sýndar verða videóinnsetningar eftir íslenska og erlenda listamenn. Sýningin er

einnig á dagskrá Listahátíðar. www.art.is/ www.listasafn.is

21.05-02.07Blá

Önnur sýning í þríliðu Nýlistasafnsins: Hvít, blá og rauð. Blá er fersk og framandi - þar koma við sögu breskar stjórnur úr hátískuheimi myndlistarinnar, þau Sarah Lucas, Gillian Wearing, Michael Landy og Angus Fairhurst. Sýningin er einnig framlag safnsins til Listahátíðar.

www.nylo.is

01.06-02.07


Tony Cragg

Opnun sýningar á verkum hins þekktas breska myndlistarmanns Tony Craggs í Gallerí i8 við Ingólfsstræti. Sýningin er einnig framlag Gallerí i8 til Listahátíðar. www.i8.is

03.06-03.07

Af listmálarafjölskyldu

Sýning á völdum verkum Louísu Matthíasdóttur og eiginmanns hennar og dóttur, Leland og Temmu Bell. Hafnarborg - menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.




Ódáinsakrar. Tony Cragg, 1998

## i8 sýnir verk Tony Cragg

Í Gallerí i8 verður opnuð sýning á verkum hins þekktas breska myndlistarmanns Tony Cragg

SÝNINGIN er samstarfsverkefni Listahátíðar og Menningarborgarinnar og verður hún opnuð 1. júní og stendur til 2. júlí. Meðal gesta á Listahátíð árið 2000 verður hinn heimspökta breski listamaður Tony Cragg, sem heldur sýningu í Gallerí i8. Tony Cragg fæddist í Liverpool árið 1949 en hefur verið búsettur í Þýskalandi síðan 1977. Hann nam myndlist við Wimbledon School of Art og við Royal College of Art í London og er í dag prófessor við þá mikilvirtu stofnun. Hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir list sína og ber þar hæst hin viðurkennda Turner-verðlaun, sem hann fékk árið 1988. Tony Cragg er nú einn þekktasti myndlistarmaður Bretlands. Hann vakti fyrst verulega athygli í byrjun 9. áratugarins fyrir verk sem hann vann úr lituðum plasthlutum, sem hann fíndi gjarnan upp af götunni, flokkaði og raðaði saman á mismunandi hátt. Verk

hans hafa tekið miklum breytingum í gegnum tíðina, bæði hvað varðar efni og form, en þó má segja að enn sé hann í raun að fást við það sama, þ.e. að skapa heildarmynd úr ótal litlum einingum. Þannig hafa t.d. nýleg verk hans, sem þakin eru hundruðum ef ekki þúsundum teninga, vakið mikla athygli. Í seinni tíð leitast hann ekki við að forma höggmyndirnar þannig að þær hafi beina skirskotun í þekkt form úr hinu daglega lífi, heldur eru form verkanna sjálfstæð og mæta áhorfendum sem slík.



Gagnsætt gler. Tony Cragg, 1999.

## @tt inn í nýjan heim

Nýr heimur - stafrænar sýningar er heiti yfirgripsmikillar sýningar í Listasafni Íslands sem verður opnuð hinn 20. maí

Á SÝNINGUNNI verður myndbandalist og veflist í öndvegi, sú grein í listunum sem hvað mest hefur fleygt fram á undanförunum missurum og tekur örustum breytingum. Menningarborgin stendur að hluta þessarar sýningar sem nefnst @ og er að sögn aðstandenda það ástand eða „at“ sem verður til þegar list og hátækni er @tt saman. Sýningin er jafnframt á dagskrá Listahátíðar.

Art.is og oz.com hafa unnið saman að tilraunaverkefni sem fengið hefur nafnið @ en það tákn er eins konar samnefni yfir allt sem viðkemur tölvuveruleika og netheimum. @ er nýr veruleiki, ný veröld sem sköpuð er í tölvuheimum þar sem listamenn geta valið úr möguleikum sem ekki eiga sér neina hliðstæðu í veruleikanum. Í stað þess að einn Guð skapi heiminn á sjö dögum munu nú sjö listamenn skapa nýjan heim sem opnast þér í einu veffangi. „Ný veröld verður til þar sem sköpunargleðin og hugmyndafluglúði eru óheft.“ segir sýningarstjórnin Hannes Sigurðsson.

### Ný veröld listar og hátækni

Listamennirnir/hóparnir sjö sem skapa heiminn eru Ásmundur Ásmundsson, Finnboi Pétursson, Gjöfningaklúbburinn, Haraldur Jónsson, MY Studio, Ómar Stefánsson og Þorvaldur Þorsteinnsson.


Sýningarstaðurinn er Netíð og Að sögn Hannesar Sigurðssonar verður til ný veröld þegar list og hátækni er att saman, atíð eða @.

„Þú gengur inn í þennan framandlega heim og verður þátttakandi í því sem þar birtist - tekur jafnvel þátt í sköpun hans. Í þessari veröld upplifir þú myndir og tónlist og verður fyrir áður óþekktum hughrifum sem eru langt umfram það sem venjulegt listasafn eða jafnvel framúrsteffulegustu tölvuleikir geta boðið. Þér er @ inn í nýjan heim.“

Listamennirnir taka hér höndum saman við færustu tölvuspekihlutana - forritara og hugmyndasmiði OZ - til að þau kanna þá möguleika sem tölvu- og nettækni býður. Hér birtist sköpunargáfa framtíðarinnar: Listin og tölvuöldin verða eitt,“ segir Hannes.

### Viti bornar persónur

„Sú tækni sem hér um ræðir er af allt öðrum toga en flestir eiga að



venjast. Hér tvinnast ekki aðeins saman myndir og hljóð heldur gerir tækni okkur kleyft að hreyfast og skynja umhverfið líkt og við séum stödd í raunverulegu rými. Þetta umhverfi er töfrum gætt; í því er hægt að upplifa hluti sem eru langt handan við það sem hversdagsleikinn býður okkur. Meðal annars má taka upp hreyfingar lifandi manneskju og varpa þeim yfir á teiknaða tölvumynd og í þessum heimi má sömuleiðis eiga samræður við viti bornar persónur sem aðeins lifa í tölvuheimi; viti borin forrit. Loks geta þeir sem heimsækja þennan heim valið sér þann líkama sem þeir vilja koma fram í - þeir birtast í tölvuveröldinni sem líkamningar eða tölvuteiknaðar verur (avatarar) sem lúta stjórn þeirra í einu og öllu og

geta þannig átt samskipti við aðra gesti á netinu.

Þessi listviðburður verður því afar ólíkur því sem gerist og gengur á hefðbundnum söfnum. Hér er ekki á ferðinni þögult og líflaust umhverfi heldur á gesturinn í samskiptum við aðra sem honum birtast á Netinu, annaðhvort raunverulega manneskju eða tölvuveru. Gestir munu líka geta tekið þátt í mótun verksins á ýmsan hátt og þannig sett mark sitt á þá veröld sem næstu gestir standa frammi fyrir.“

Tækni býður einnig upp á beinar útsendingar frá ýmsum uppákomum eins og tónleika, ljóðalestur eða fyrirlestra og munu þeir þá sem fram koma birtast sem tölvuteiknaðar verur í umhverfinu sem notandinn skoðar á Netinu.

### ALÞJÓÐLEGIR VIÐBURÐIR

05.05-30.06 Klerkar, kaupmenn og karfamið

Gestasýning frá Bremen sem á sínum tíma var svo að segja andleg höfuðborg Íslands. Víða er leit að fanga á sýningunni til að endurspeglar tengsl Íslands við Bremen og aðrar hafnarborgir þýskar. Sýningin er haldin í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. www.bok.hi.is

27.05-23.07 Garðhúsabærinn

Alþjóðlegt verkefni í byggingarlist þar sem sautján heims-

þekktir arkitekta, þeirra á meðal Frank O. Gehry, hafa verið fengnir til að teikna smáhús, sem gjarnan eru reist í garðlöndum, og verða teikningar og líkón þeirra sýnd á Kjarvalsstöðum. Hús íslensku arkitektanna sem unnu til verðlauna verður reist í fullri stærð við Kjarvalsstaði. Garðhúsabærinn er samvinnuverkefni Arkitektafélags Íslands og Listasafns Reykjavíkur og er einnig á dagskrá Listahátíðar. www.rvk.is/ listasafn.